

Nd.

674. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 651 [Dýrtiðarráðstafanir].

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Emil Jónssyni.

1. Við b. (13. gr.). Brtt. skal orða svo: Skipa skal fimm manna nefnd, er finni visitöla framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða og framfærslukostnað i sveitum, er fara skal eftir við ákvörðun verðs landbúnaðarvara og hlutfall milli verðlags landbúnaðarvara og kaupgjalds stéttafélaga, er miðist við það, að heildartekjur þeirra, er vinna að landbúnaði, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Nefndin skal skipuð einum manni tilnefndum af hæstarétti, og sé hann formaður nefndarinnar, tveim mönnum eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einum manni eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einum manni tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Nefndin njóti aðstoðar hagstofustjóra og forstöðumanns búreikningsskrifstofu ríkisins.

Nú verður nefndin sammála um visitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða og hlutfall á milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjalds stéttafélaga, og skal þá verð á landbúnaðarafurðum ákveðið i samræmi þar við, meðan núverandi ófriðarástand helst. Þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði.

Nefndin skal lúka störfum og skila álit i til ríkisstjórnarinnar fyrir 15. ágúst 1943.

2. Við c. 2. Liðinn skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu samþykki Alþýðusambands Íslands og annarra sambanda launþega, að ákveða, að næsta mánuð eftir gildistöku laga þessara skuli greiða verðlagsupphót samkvæmt visitölu þeirri, sem byggð er á verðlagi 1. dag þess mánaðar.